



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/959
komudagur 22.1.2010

Reykjavík 20. janúar 2010.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna, 244. mál.

Frumvarp um lögskráningu sjómanna var lagt fram á 136. löggjafarþingi en náði því miður ekki fram að ganga þá. Nú er frumvarpið lagt fram aftur og fagnar Sjómannasamband Íslands því og vonar að frumvarpið verði sem fyrst afgreitt sem lög frá Alþingi. Frumvarpið gerir ráð fyrir að skylt verði að lögskrá á öll skip sem gerð eru út í atvinnuskyni og að tekin verði upp rafræn lögskráning. Samkvæmt núgildandi lögskráningarlögum er aðeins lögskráð á skip sem eru 20 brúttótonn að stærð eða stærri. Sjómannasamband Íslands telur það mikla réttarbót fyrir sjómenn á smábátaflotanum að skylt verði að lögskrá þá með sama hætti og sjómenn á stærri skipunum. Lengi var því borið við að erfitt væri að taka upp lögskráningarskyldu á smærri bátunum vegna fjölda þeirra. Rafræn lögskráning eins og frumvarpið gerir ráð fyrir einfaldar alla framkvæmd lögskráningarinnar og með tilkomu hennar er ekkert því til fyrirstöðu lengur að tekin verði upp lögskráningarskylda á smærri bátana. Sjómannasamband Íslands gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið, en ítrekar mikilvægi þess að það verði sem fyrst að lögum.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson